

Fréttapistill frá forseta Íslands

26. nóvember 2019

Í síðustu viku ræddi ég m.a. um trúmál, tók á móti fulltrúum á Heimsþingi kvenleiðtoga og málefni barna og ungmenna voru áberandi.

Sunnudaginn 16. nóvember var hátíðarguðsþjónusta í Fríkirkjunni í Reykjavík. Sá ágæti söfnuður fagnar um þessar mundir 120 ára afmæli. Mér hlotnaðist sá heiður að flytja boðskap í messunni, steig þá í stólinn í fyrsta skipti á ævinni. Ég lagði m.a. út af Passíusálmum séra Hallgríms og Barnaljóðum séra Vigfúsar Jónssonar en ræddi auk þess um trúfrelsi og mannréttindi um okkar daga. Niðurlagið birti ég hér en erindið má lesa í heild sinni með því að feta þessa slóð:

https://www.forseti.is/.../2019_11_17_frikirkjan_120_ara.pdf

„Í öflugum samfélagi tuttugustu og fyrstu aldar er trúfrelsi algert – en svo eru landslög, öllum trúarbrögðum æðri. Við höfum ein lög en marga siði. Því tímarnir breytast og mennirnir með. Þeim fjölga sífellt sem standa utan þjóðkirkjunnar. Sumir eru í öðrum kristnum trúfélögum, aðrir játa annan sið eða alls engan. Já, frelsi og agi, þjóð og kirkja. Vel má vera að beint samband þjóðkirkju og ríkisvalds dvíni enn þegar fram í sækir, að leiðir skilji jafnvel alveg eins og ráðherra trúmála taldi nýlega auðsýnt. Hver veit nema það yrði þjóðkirkjunni einmitt til góðs?

En viljum við algeran aðskilnað sögu og samtíma, aðskilnað hefða og nýmæla? Hér mælir best hver fyrir sig og ekki má þröngva trú og venju upp á þá sem vilja lítið með slíkt gera eða hafa á því ímugust.

Á hinn bóginn er okkar menningararfur nátengdur kristnum sið í aldanna rás. Senn verða haldin hér heilög jól, að ævafornum sið, hér í þessu landi og hér í þessari kirkju. Aðrar gleðistundir bíða ætíð, kornabörn skírð, ungmenni fermd, hjónaleysi gefin saman. Hér mun fólk líka mætast í söknuði og sorg. Þá vilja svo mörg okkar að hann heyri, himnasmiður. Þannig ómar niður aldanna og megi svo vera um ókomna tíð um leið og ferskir hljómar bætast ætíð við í lífsins hörpu.“

Síðar þennan sunnudag sótti ég fallega og látlausa athöfn við þyrlupallinn hjá Landspítalanum í Fossvogi í Reykjavík. Þar var þeirra minnst sem látist hafa í umferðarslysum. Ása Ottesen flutti þar skörulega ræðu. Hún missti barnungan bróður sinn í bílslysi fyrir mörgum árum og í sumar sem leið slasaðist systir hennar alvarlega í óhappi á vegum úti. Hún dvelst nú á Grensásdeild. Þar er duglegt starfsfólk en þröngt er um fólk og aðbúnaður gæti verið betri eins og Ása benti á, og tækjakostur sömuleiðis.

Á mánudaginn var tók ég á móti góðum gestum á Bessastöðum, fulltrúum á Heimsþingi kvenleiðtoga. Eins og sjá má á mynd að neðan var þá þröng á þingi hér. Þessi árlega ráðstefna ber því glöggvitni að til Íslands er horft í jafnréttismálum og leiðum til að gera þar enn betur. Viðburðurinn er eins mikið flaggskip okkar í þeim efnum og Hringborð norðurslóða á þeim vettvangi. Þennan dag hitti ég Anita Bhatia, aðstoðarframkvæmdastjóra UN Women, samtaka Sameinuðu þjóðanna um

kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, og sömuleiðis Ameenah Gurib-Fakim, fyrrverandi forseta Míritíus. Daginn eftir, þriðjudaginn 19. nóvember, ræddi ég við þrjá aðra þinggesti, fyrst Dalia Grybauskaite sem lét fyrr í ár af embætti eftir farsæla setu á forsetastóli í Litháen. Alltaf er gaman að spjalla við Litháa, þeim er svo hlýtt til Íslendinga eftir atbeina okkar í sjálfstæðisbaráttu þeirra fyrir um þremur áratugum. Þá átti ég fund með Mabel van Oranje, mannréttindafrömuði sem hefur einkum látið til sín taka í baráttunni gegn því að bráðungar stúlkur séu hnepptar í hjónaband. Van Oranje er hollensk, mágkona Hollandskonungs.

Daginn eftir ræddi ég við Atifete Jahjaga, fyrrverandi forseta Kósovó. Landið nýtur viðurkenningar rúms helmings aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og er Ísland þeirra á meðal. Jahjaga var kjörin forseti Kósovó árið 2011, þá yngst allra kvenforseta í heiminum, og gegndi embættinu í fimm ár. Við ræddum um leiðir til að efla stöðu kvenna á alþjóðavettvangi, ekki síst í viðræðum um frið og sættir að loknum átökum þar sem konur og börn eru einnig meðal saklausra fórnarlamba. Jahjaga færði mér að gjöf bók með vitnisburðum kvenna í Kósovó sem var nauðgað og misþyrmt í ófriðinum þar undir lok síðustu aldar. Hún hefur lengi barist fyrir réttlæti þeim til handa.

Miðvikudaginn 20. nóvember sat ég árlega viðurkenningarhátíð Barnaheilla. Réttindaráð Hagaskóla hlaut verðlaun samtakanna í ár; ráðið barðist fyrir því að stúlku í skólanum, sem leitaði hælis hér á landi með fjölskyldu sinni, yrði ekki vísað úr landi og þær urðu um síðir lyktir málsins. Erindi mitt á hátíðinni má lesa hér: https://www.forseti.is/media/5633/2019_11_20_barnaheill.pdf

Í máli mínu vitnaði ég í nýtt ljóð um Gretu Thunberg, falleg orð Gunnars Gunnarssonar rithöfundar í Fjallkirkjunni um sakleysi æskuáranna sem aldrei koma til baka og hvatti ungmenni til að horfa björtum augum fram á veg. Margt má nefna því til sanninda að heimur batnandi fari, þrátt fyrir öll vandamál okkar daga og þrátt fyrir að alltaf megi gera betur. Um þetta sagði ég m.a.:

„Þrátt fyrir allt erum við þó á réttri leið þegar vítt er horft yfir sviðið. Sá er andinn í nýrri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem birtist í tilefni afmælis Barnasáttmálans. Að öllu jöfnu líður börnum og ungmennum betur nú en fyrir þremur áratugum. Sífelld færri deyja vegna sjúkdóma eða vannæringar, sífelld færri búa við ofbeldi og átök. Sífelld fleiri njóta góðrar heilsu, sífelld fleira geta menntað sig.

Á Íslandi og víðast á Vesturlöndum steðja hungur og farsóttir ekki að ungdóminum, styrjaldir og stríð ekki heldur. Þótt sú sé raunin má varast að gera of lítið úr þeim vanda sem blasir við hér heima. Börn og ungmenni virðast glíma við kvíða og jafnvel þunglyndi í ríkari mæli en áður. Einelti og áreitni gætir á netinu, grimmd unglínga þar, sem oft beinist að jafnöldrum, er stundum hamslaus.“

Hér eru ekki taldir allir viðburðir og fundir nýliðinnar viku, frekar en fyrri daginn. Næst er að geta ánægjulegs barnaþings sem var sett í Hörpu í Reykjavík og flutti ég þá nokkur hvatningarorð til krakkanna, að efla með sér sjálfstraust og samkennd, setja sér háleit markmið en læra líka þá list að endurskoða þau eftir því sem nauðsyn krefur. Þarna komu dugleg og kappsöm ungmenni saman, staðráðin í að stefna að bættu samfélagi. Eflaust munu einhver í hópnum láta að sér kveða síðar á lífsleiðinni og óska ég þeim öllum velfarnaðar.

Á mynd hér að neðan erum við Vigdís Finnbogadóttir og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra með Salvöru Nordal umboðsmanni barna sem hafði veg og vanda af undirbúningi barnaþings, ásamt einvalaliði.

Örlítinn skugga þar á þetta þarfaping, frá mínum bæjardyrum séð: Að kvöldi dags birti Fréttablaðið á vef sínum þá frétt að á meðan ráðherrar og forseti sátu innandyra hefðu bifreiðar þeirra verið í lausagangi úti fyrir, spúandi mengun yfir gesti og gangandi. Þeim, sem ók mér á þingið, var illa brugðið. Í fyrsta lagi hafði hann notað tímann í snattferðir og snúninga og þá stuttu stund sem hann beið eftir það fyrir utan staðinn var bifreiðin ekki í gangi, enda þeirrar gerðar að engin þörf er á slíku þegar dokað er við. Frásögn Fréttablaðsins var röng, eingöngu byggð á staðhæfingum manns sem átti leið þarna framhjá og leyfði sér getsakir á fésbókarsíðu sinni. Fréttablaðið hefur nú uppfært frétt sína og leiðrétt og þakka ég starfsfólki þar fyrir þau viðbrögð - en væntanlega taka fáir eftir þessu sem lásu upprunalegu fréttina; fólk lítur ekki á fréttir aftur eftir nokkra daga til þess að sjá hvort þeim kunni að hafa verið breytt. Þetta er nú ekki stórmál og fólk í áhrifastöðum má ekki kippa sér upp við hvaðeina, en ég nefni þetta vegna þess að blásaklaus maður var hafður fyrir rangri sök – og jafnvel líka til að minna á að ekki er allt ætíð satt sem haldið er fram í færslum á fésbók. Fyrirvarar í frásögn Fréttablaðsins hefðu verið í lagi. Af þessu má því eflaust eitthvað læra.

Að kvöldi fimmtudagsins sat ég hátíðarþing Hins íslenska náttúrufræðifélags í Perlunni í Reykjavík. Félagið er með þeim allra elstu á Íslandi, stofnað árið 1889. Yfirskrift hátíðarinnar var „íslensk náttúra á tímum hamfarahlýnunar“ og fluttu þrír fræðimenn fróðleg erindi sem því tengjast, Hrafnhildur Hannesdóttir jöklafræðingur, Snorri Baldursson líffræðingur og Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur.

Á fimmtudaginn var sat ég einnig hádegisverð sendiherra Evrópusambandsríkja á Íslandi, auk sendifulltrúa Spánar hér á landi, sendiherra Eistlands á Íslandi, sem hefur aðsetur í Osló og annarra góðra gesta. Ann-Sofie Stude, sendiherra Finnlands, var gestgjafi og fórst það vel úr hendi. Áréttaði ég þarna að meginstoðir íslensks samfélags og atvinnulífs væru traustar þótt alltaf væri úrbóta þörf í ýmsum efnum, enda mætti sama segja um stöðu mála í öðrum ríkjum. Var þeim málflutningi vel tekið, leyfi ég mér að nefna. Hópmynd fylgir hér að neðan.

Helgin var síðan viðburðalítill, aldrei þessu vant. Gaman var þó að líta við á Silfurleikum ÍR í frjálsum íþróttum í Laugardalshöllinni. Þar átti ég einn ungan þátttakanda sem skemmti sér vel. Ég færi þeim sem skipulögðu mótið kærar þakkir fyrir vel unnin störf. Í heimi íþróttá Íslandi skipta sjálfboðaliðar enn sköpum þótt þjálfarar séu einatt fagmennskan uppmáluð og ábyrgð og annir hvíli líka á launuðu starfsfólki. En áfram þarf fórnfúst fólk, foreldra iðkenda og aðra sem vilja leggja hönd á plóg. Vandinn er gjarnan sá að verkin hvíla of oft á of fáum herðum og fólk fær nóg, brennur út; ég hef sagt í gamni og alvöru að meðal þeirra ráða sem ég muni gefa börnum okkar Elizú þegar þau nálgast fullorðinsár sé það að gefa aldrei kost á sér í starf gjaldkera eða formanns innan íþróttafélags – nema þá að verulega vel athuguðu máli!

Njótið vikunnar, kæru landsmenn